

Minnisblað

Dreifing
Fyrir frummatsskýrslu

27.5..2012

Tílefni

**Mat á umhverfisáhrifum
vegna aðgengis að
Þríhnúkagíg**

Umferðarúttekt aðkomuvega

11116

Höfundur

Björn H. Barkarson

Yfirfarið/Samþykkt

1 Samantekt á niðurstöðum umferðaröryggisúttektar á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið, texti sem notaður er í frummatsskýrslu

Gerð var umferðaröryggisúttekt á Bláfjallavegi og Bláfjallaleið í samræmi við leiðbeiningar Vegagerðarinnar¹ og 6. gr. reglugerðar nr. 866/2011.

Markmiðið með umferðaröryggisúttekt er að finna staði þar sem hættu er á að slys geti orðið og gera áætlun um lagfæringar í kjölfarið. Markmið slíkra lagfæringa er þá að koma í veg fyrir slys eða að draga úr afleiðingum slysa ef þau verða. Gátlistar eru notaðir við að meta útfærslu sem flestra öryggisþátta, eins og hvernig umhverfi vegar, yfirborðsmerkingar, vegrið o.fl. standast öryggiskröfur veghönnunarreglna. Umferðaröryggi þessara vega getur haft bein áhrif á mögulega grunnvatnsmengun.

Í leiðbeiningum Vegagerðarinnar segir að umferðaröryggisúttekt skuli fara fram á þjóðvegum á 3-5 ára fresti, tíðast á umferðarmiklum vegum.

1.1 Bláfjallavegur (417-01) og Bláfjallaleið (407-01)

Umferðaröryggisúttekt var gerð á Bláfjallavegi (417-01) og Bláfjallaleið (407-01) þann 8. maí 2012.

Umferðaröryggisúttekt á Bláfjallavegi (417-10), sem er um 8,4 km langur, leiddi í ljós að á stórum hluta leiðarinnar uppfyllir öryggissvæði ekki veghönnunarreglur sem gerðar eru til nýframkvæmda. Innan þess eru ýmist grjót, klöpp eða hraun (Tafla 1.1). Samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar skal vera öryggissvæði meðfram vegum og innan þess skulu ekki vera hættur s.s. hættulegar hindranir eða bratti meiri en 1:1,5 (Vegagerðin, 2010b). Innan öryggissvæðis skal land mótað með þeim hætti að ökutæki sem hafna utan vegar geti komist hjá veltu, geti staðnæmst smám saman og geti komist aftur inn á veg, náist stjórn á ökutækinu.

Vegflái er á köflum brattari en hann á að vera. Einnig er mikið um tengingar á veginum og á fyrstu 2,6 km frá Suðurlandsvegi eru þær 11 talsins.

Á Bláfjallaleið (407-01) eru vegfláar að stórum hluta of brattir m.v. veghönnunarreglur auk þess sem halli í fláunum er breytilegur (Tafla 1.1). Þegar kemur að Eldborg eftir um 1,5

¹ Vegagerðin, 2010a. Umferðaröryggisúttekt vega. Leiðbeiningar. Útgefið 23.07.2010.

km akstur af Bláfjallavegi taka við margar tengingar inn á bílastæði, einkum tengdar skíðasvæðinu. Einnig er grjót, hraun eða klappir víða innan öryggissvæðis.

Tafla 1.1 Niðurstöður umferðaröryggisúttektar fyrir Bláfjallaveg (417-10) og Bláfjallaleið (407-01).

	Bláfjallavegur 417-01	Bláfjallaleið 407	Athugasemdir
Vegalengd (m)	8.377	4.287	
Fjöldi tenginga V	5	8	
Fjöldi tenginga H	8	5	
Of brattur flái V - áætlað(m)	426	2.113	
Of brattur flái H – áætlað (m)	755	2.584	
Grjót, hraun eða klöpp innan öryggissvæðis V (m)	2.457	109	Hér og þar á Bláfjallaleið eru klappir og grjót innan öryggissvæðis
Grjót, hraun eða klöpp innan öryggissvæðis H (m)	6.827	7	

H: Hægra megin vegar
V: Vinstra megin vegar

Aðkomuleiðin að Bláfjöllum af Suðurlandsvegi uppfyllir ekki veghönnunarstaðla. Einkum er um að ræða að fláar eru of brattir, sem eykur líkur á því að bílar velti lendi þeir út af. Einnig er á löngum köflum grjót, hraun eða klöpp við veginn, sem getur aukið alvarleika slysa lendi bíll utanvegar á slíkri fyrirstöðu. T.a.m. getur olíu- eða bensíntankur rifnað lendi bíll á grjóti.

Hætta á útafakstri á þessari leið er ekki mikil. Leiðin er tiltölulega bein og í gegnum tvær þröngar beygjur á leiðinni er leiðbeinandi hraði 40 km/klst. Þar er lítil hættu á að bílar velti. Hins vegar skapa skilyrði eins og hálfka á veginum meiri hættu á útafakstri.

Tafla 1.2 Niðurstöður umferðaröryggisúttektar fyrir Bláfjallaveg (417-2).

	Bláfjallavegur 417-02	Athugasemdir
Vegalengd (m)	17.703	
Fjöldi tenginga V	10	
Fjöldi tenginga H	11	
Of brattur flái V - áætlað(m)	9.657	
Of brattur flái H – áætlað (m)	9.189	
Grjót, hraun eða klöpp innan öryggissvæðis V (m)	17.613	Hér og þar á Bláfjallaleið eru klappir og grjót innan öryggissvæðis
Grjót, hraun eða klöpp innan öryggissvæðis H (m)	14.572	

1.2 Bláfjallavegur (417-2)

Umferðaröryggisúttekt var gerð á Bláfjallavegi (417-02) þann 22. maí 2012. Á þessum kafla er Bláfjallavegur malarvegur. Almennt má segja að vegurinn er ófrágenginn.

Vegfláar eru of brattir á 99% vegarins og innan öryggissvæðis er víða ber klöpp (Tafla 1.2). Þverhnípi er fram af veginum á nokkrum stöðum vestarlega á leiðinni. Á þessum kafla er mikilvægt að ganga frá fláum, hreinsa öryggissvæði og þekja með ísogsjarðvegi.